

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 166/2016

2018/EES/19/03

frá 23. september 2016

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/262 frá 17. febrúar 2015 um reglur samkvæmt tilskipun ráðsins 90/427/EBE og 2009/156/EB að því er varðar aðferðir til að auðkenna dýr af hestaætt (reglugerð um vegabréf fyrir dýr af hestaætt) ⁽¹⁾.
- 2) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/262 fellir niður reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 504/2008 ⁽²⁾, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um lifandi dýr önnur en fisk og eldisdýr. Ísland er undanþegið löggjöf á þessu sviði eins og fram kemur í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Íslands.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 5) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Í stað textans í 33. lið í 2.2. hluta (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 504/2008) kemur eftirfarandi:

„**32015 R 0262**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/262 frá 17. febrúar 2015 um reglur samkvæmt tilskipun ráðsins 90/427/EBE og 2009/156/EB að því er varðar aðferðir til að auðkenna dýr af hestaætt (reglugerð um vegabréf fyrir dýr af hestaætt) (Stjútíð. ESB L 59, 3.3.2015, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Orðunum „eða tollafgreiðsla í Noregi“ er bætt við á eftir tilvísuninni í „reglugerð (ESB) nr. 952/2013“ í b-lið 1. mgr. 1. gr.
- b) Skilja ber orðið „yfirráðasvæði“ þannig að það taki til Noregs.
- c) Dagsetningin „30. júní 2009“ sem um getur í 43. gr. skal hvað EFTA-ríkin varðar vera gildistökudagur ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/2010 frá 29. janúar 2010 sem fellir reglugerð (EB) nr. 504/2008 inn í EES-samninginn.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 59, 3.3.2015, bls. 1.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 149, 7.6.2008, bls. 3.

Dagsetningin „31. desember 2009“ sem um getur í 43. gr. skal hvað EFTA-ríkin varðar vera sjö mánuðum eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/2010 frá 29. janúar 2010 sem fellir reglugerð (EB) nr. 504/2008 inn í EES-samninginn.

Ákvæði þessarar gerðar taka ekki til Íslands.“

2. Í stað textans í 85. lið í 4.2. hluta (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 504/2008) kemur eftirfarandi:

„**32015 R 0262**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/262 frá 17. febrúar 2015 um reglur samkvæmt tilskipun ráðsins 90/427/EBE og 2009/156/EB að því er varðar aðferðir til að auðkenna dýr af hestaætt (reglugerð um vegabréf fyrir dýr af hestaætt) (Stjtið. ESB L 59, 3.3.2015, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Orðunum „eða tollafgreiðsla í Noregi“ er bætt við á eftir tilvísuninni í „reglugerð (ESB) nr. 952/2013“ í b-lið 1. mgr. 1. gr.
- b) Skilja ber orðið „yfirráðasvæði“ þannig að það taki til Noregs.
- c) Dagsetningin „30. júní 2009“ sem um getur í 43. gr. skal hvað EFTA-ríkin varðar vera gildistökudagur ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/2010 frá 29. janúar 2010 sem fellir reglugerð (EB) nr. 504/2008 inn í EES-samninginn.

Dagsetningin „31. desember 2009“ sem um getur í 43. gr. skal hvað EFTA-ríkin varðar vera sjö mánuðum eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/2010 frá 29. janúar 2010 sem fellir reglugerð (EB) nr. 504/2008 inn í EES-samninginn.

Ákvæði þessarar gerðar taka ekki til Íslands.“

2. gr.

Norskur texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2015/262, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. september 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. september 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Bergdís Ellertsdóttir

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.